


# Kennslustund 7 - Lokaverkefni

## DaDOM netþjálfun fyrir kennara



### Lokaverkefni

Í þessari kennslustund munum við kafa ofan í lokaverkefnið sem nemendur eiga að ljúka í DaDOM námskránni.



### Tengja verkefnið við vinnustaðinn

Í starfsmenntun, sérstaklega í heilbrigðisgeiranum, er mjög mikilvægt að tengja saman fræðilega þekkingu og vinnuna á gólfinu. Þessi kafli leiðbeinir þér hvernig á að auðvelda nemendum að gera það með því að einblína á samþættingu tónlistartengdra verkefna á vinnustað þeirra í starfsnámi.

Nemendur eru hvattir til að fylgja eftirfarandi skrefum á meðan á lokaverkefninu stendur:

- Nemendur velja sér tilvik úr starfsnámi þeirra þar sem tækifæri er fyrir notkun tónlistar. Þetta gæti falið í sér aðstæður þar sem sjúklingar sýna streitu, kvíða, einmanaleika eða samskiptaerfiðleika.
- Nemendur greina og skrá niður ákveðin vandamál í umönnun eða áskoranir sem sjúklingurinn er að upplifa. Þetta myndar grunn fyrir skipulagningu verkefnisins.
- Byggt á þessari greiningu velja nemendur viðeigandi tónlist. Það felur í sér að velja tegund tónlistar, aðferð við flutning og væntanlegan árangur.



KARALIAUS MINDAUGO

Firla



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS  
Iceland University of the Arts



Samfjármagnað af  
Evrópusambandinu

Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them.

- Nemendur innleiða tónlistina, með tilliti til óskar sjúklings, menningarlegum bakgrunni og heilsufarsástandi hans.
- Nemendur meta árangurinn bæði með endurgjöf frá sjúklingnum og sýnilegum breytingum á hegðun hans.
- Hugleiddu ferlið og niðurstöðurnar. Nemendur íhuga það sem þeir lærðu, hvað mætti bæta og hvernig svona nálgun gæti nýst öðrum í framtíðinni.

Þetta lokaverkefni er hannað til að vera sveigjanlegt og gerir kennurum kleift að aðlagga það sérstökum aðstæðum í umönnun. Mikilvægt er kennarar staðfæri verkefnið og tengi það menningu viðkomandi lands sem verkefnið er unnið í.

### Leiðbeiningar fyrir kennara:

- Að þessu loknu ættu nemendur að þekkja mismunandi hliðar umönnunar. Þitt hlutverk er að hjálpa þeim að nota þessa þekkingu til að bera skynbragð á ákveðna umhverfis- og persónulega þætti skjólstæðinga þeirra sem gætu haft áhrif á val og virkni tónlistarinnar sem er notuð. Hvetjið þá til að íhuga einstaka þætti í aðstæðum sjúklings eins og menningarnæmi, persónulega sögu og núverandi tilfinningalegt og líkamlegt ástand.
- Auðveldaðu umræður sem hjálpa nemendum að ákveða hvaða aðferðum á að beita, út frá þörfum sjúklings sem greindar voru í rannsóknum þeirra. Hvetjið til gagnrýnnar hugsunar með því að biðja nemendur um að rökstyðja val sitt út frá ástandi sjúklingsins og væntanlegum útkomu.
- Hvetjið til ígrundunar sem samþættir allt sem nemendur hafa lært. Þegar nemendur meta vinnu sína ættu þeir ekki aðeins að íhuga það sem þeir sáu, heldur einnig persónulegar upplifanir sínar og endurgjöf frá sjúklingum og samstarfsmönnum.